

**Nr. 18-118 S 075 Arney SH 162*****Bilun í sjódælu***

Skipaskr.nr. 2177  
Útgerð: Magnús Jónsson.  
Smíðaður: Mótun, 1992, trefjaplast.  
Stærð: 8,37 brl. 7,60 bt.  
Mesta lengd: 9,19 m Skráð lengd: 8,92 m  
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,40 m  
Vél: Cummins, 187 kw, 1998.  
Fjöldi skipverja: 1



Arney © Arnbjörn Eiríksson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 28. júní 2018 var Arney SH 162 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: ASA 9 m/s.

Skipstjórinn tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að reykur væri um borð í bátnum og óskaði eftir aðstoð. Þegar í ljós kom að þústbarkinn var í sundur og þústaði inn í vélarúmið var aðstoð afturkölluð.

***Við rannsókn kom fram:***

- að véldrifin sjókælidæla bilaði, vélin yfirhitnaði og gat kom á sjókældan þústbarka;
- að kíl á sjódæluhjólínu brotnaði og dæluhjólíð hætti að snúast;
- að þústbarkinn var vírofinn gúmmíbarki;
- að skipstjórinn náði að lagfæra sjódæluna, snúa þústbarkanum við þannig að hann þústaði upp á þilfar og sigldi síðan bátnum til hafnar.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.